

Alþingi  
Erindi nr. Þ 141/1571  
komudagur 14.2.2013



Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8  
150 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2013

### Umsögn um frumvarp til þingsályktunar um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020, 470. mál.

Landssamtökin Þroskahjálpi þakka fyrir að fá til umsagnar umrætt frumvarp til þingsályktunar. Samtökin vilja koma á framfæri nokkrum athugasemdum við frumvarpið.

Að mati samtakanna skortir verulega á að frumvarp um velferðarstefnu endurspegli heildstæða sýn á heilsubörfum fatlaðs fólks og sérstöðu þeirra þegar litið er til heilbrigðisþarfa og aðgengis að heilbrigðisþjónustu. Góðar tillögur koma fram í áætluninni en heildarsýn á verkefnið skortir. Landsamtökin Þroskahjálpi leggja áherslu á að skoðuð verði þau gögn sem til eru um heilbrigðisþarfir fatlaðs fólks og þær nýttar á markvissan hátt í stefnumótun til næstu ára. Þá er mikilvægt að gera sér grein fyrir að fatlaðir einstaklingar, bæði börn og fullorðnir eru í aukinni áhættu á að vera fyrir hvers kyns ofbeldi. Mikilvægt er að móta tillögur sem draga úr ofbeldi og afleiðingum þess gegn fötluðu fólki, börnum og fullorðnum, og horft sé til þessara þátta við gerð frumvarps líkt og þessa. Einnig þarf að auka þarf fræðslu og forvarnir til að draga úr líkum á að fatlað fólk verði beitt kynferðisofbeldi og bjóða upp á stuðning sem mætir sértækum þörfum fatlaðs fólks sem verður fyrir slíku ofbeldi, ekki síst fólks með þroskahömlun/einhverfu sem á erfitt með að nýta hefðbundin stuðnings- og meðferðarúræði.

#### Yfirferð yfir einstaka liði velferðarstefnunnar:

##### A.3. Atvinnuþátttaka og starfsendurhæfing.

Samtökin velja fyrir sér stöðu þeirra sem ekki hafa verið á vinnumarkaði í þeim tillögum sem liggja fyrir og rétti þeirra til starfsendurhæfingar, mikilvægt er að staða þeirra verði tryggð. Í frumvarpinu er rætt um tilraunaverkefni um starfsgetumat í stað örorkumats og endurskoðun tekjutengingar bóta. Eðlilegt er að Landssamtökin Þroskahjálpi komi að þeirri vinnu ásamt öðrum hagsmunaaðilum.

## B.6. Geðvernd

Brýnt er að hugað verði sérstaklega að geðheilbrigðisþjónustu við fólk með þroskahamlanir/einhverfu og geðraskanir en sá hópur þarfnast sérhæfða úrræða og meðferðar.

## C. Öruggr og heildstæð velferðarþjónusta.

### C.2. Heilsugæsla.

Mælikvarði 4.: Brýn þörf er fyrir að innan heilsugæslu séu starfrækt þverfagleg teymi vegna fólks með langvinnan heilsuvanda og fatlaðs fólks með sértækan/langvinnan heilsuvanda. Mikilvægt er að þessum liðum verði bætt inn.

Aðgerðarliður 8: Mikilvægt að umræddur starfshópur fjalli einnig um fatlað fólk en hluti þess er einnig með sértækar heilbrigðisþarfir og þarfnast þess að heilsugæslan hafi frumkvæði að því að veita því þjónustu.

### C.5. Gæði, öryggi og eftirlit.

Tillaga í 3. tölulið aðgerðakaflans sem felur í sér að embætti landlæknis verði falið eftirlit með velferðarþjónustu gengur gegn þróun undanfarinna ára í málum fatlaðs fólks. Læknisfræðileg sýn á fötlun er á undanhaldi alls staðar í heiminum og nútíma hugmyndafræði byggir á mannréttindasýn og félagslegri nálgun. **Landssamtökin Þroskahjálp leggja þvi alfarið gegn því að eftirlit með velferðarþjónustu verði falið embætti landlæknis.** Vilji menn setja á laggirnar eina eftirlitsstofnun með velferðarþjónustu má útfæra þá tillögu með einni stofnun með nokkrum deildum þar sem aðskildar deildir sinni eftirliti með félagsþjónustu annars vegar og hins vegar með heilbrigðisþjónustu (embætti landlæknis).

### C.6. Mannafli og búnaður í heilbrigðisþjónustu

Hér vantar tilfinnanlega umfjöllun um mikilvægi þess að fjölga starfsstéttum í heilbrigðisþjónustunni, ekki síst heilsugæslunni, til að hún geti m.a. sinnt betur fólki með heilbrigðisþarfir vegna fötlunar.


### C.8. Rannsóknir og þróun.

Nauðsynlegt er að kannað verði sérstaklega heilsufar fatlaðs fólks hér á landi til að hægt sé að vinna að úrbótum. Vert er í þessu sambandi einnig að skoða heilsufar aðstandenda fólks með miklar umönnunarþarfir til að skerpa sýn á þeim hópi sem er oft er undir miklu álagi.

Í Framtíðarsýn, kafla A, Jöfnuður í heilsu og lífsgæðum, er minnst á skýrslu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um að fatlað fólk búi við verri heilsu en aðrir og lélegra aðgengi að heilbrigðisþjónustu en aðrir. Að mati Landssamtakanna Þroskahjálpar skortir á heildstæðari umræðu um stöðu þessa hóps í velferðarstefnunni og heilbrigðiskerfinu almennt svo unnt verði að vinna markvisst að úrbótum á næstu árum. Það er von okkar að þær ábendingar sem hér eru lagðar fram nýtist til góðra verka. Samtökin bjóða fram aðstoð sína og þekkingu sína á málaflokknum til að vinna að bættu heilbrigði og betri heilbrigðisþjónustu við fatlað fólk á Íslandi til framtíðar.

Virðingarfyllst,

F.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar



Gerður A. Árnadóttir, formaður